

**AUGLÝSING****um afgreiðslutíma Hafnarfjarðar Apóteks og Apóteks Norðurbæjar, Hafnarfirði.**

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal almennur afgreiðslutími Hafnarfjarðar Apóteks og Apóteks Norðurbæjar, Hafnarfirði vera sem hér segir:

Mánudaga — Föstudaga kl. 9—18.30.

Auk framangreinds almenns afgreiðslutíma skulu lyfjabúðirnar vera opnar til skiptis eina viku í senn um helgar og á almennum frídögum sem hér segir:

Laugardaga kl. 10—13.

Sunnudaga, helgídaga og almenna frídaga kl. 10—12.

Vaktþjónusta samkvæmt þessu hefst á laugardögum.

Lyfjabúðir skulu sjá læknum fyrir lyfjum í vakttösku, samkvæmt nánara samkomulagi við héraðslækninn í Hafnarfirði.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. mars 1977.*

**F. h. r.**

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grímsson.*